



HRUNAMANNAHREPPUR

15. FUNDUR HREPPSNEFNDAR (AUKAFUNDUR)
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 7. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FÖSTUDAGINN 1. JÚLÍ 2011
KL. 10.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 1. júlí kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til aukafundar kl. 10.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. 36. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 23. júní s.l. og 65. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 9. júní s.l. og 66. afgreiðslufundur frá 22. júní s.l.

Gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. 36. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 23. júní s.l. og 65. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 9. júní s.l. og 66. afgreiðslufundur frá 22. júní s.l.
Oddviti lagði fram fundargerð 36. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 23. júní 2011 en þar var farið yfir fimm mál fyrir Hrunamannahrepp og 3 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 1, þar sem samþykkt var stöðuleyfi fyrir gám vegna vinnslu á korni í Birtingaholti. Mál nr. 2, samþykkt að grenndarkynna stækkun á eldra sumarhúsi/gestahúsi í Miðfelli 3 þegar fullnægjandi teikningar liggja fyrir. Mál nr. 8, farið yfir fundargerðir afgreiðslu byggingarfulltrúa 2011, fundargerð 65. afgreiðslufundar frá 9. júní. Þar voru tekin fyrir tvö mál sem tengjast Hrunamannahreppi, þar sem samþykkt voru byggingarleyfi fyrir geymslur við sumarhús við Þverlág úr landi Ásatúns og 66. afgreiðslufund frá 22. júní þar sem ekkert mál tengdist Hrunamannahrepp. Mál nr. 9, þar sem byggingarfulltrúa var falið að koma með drög að athugasemdum við byggingarreglugerð. Mál nr. 10 þar sem skipulagsfulltrúa var falið að vinna drög að athugasemdum við reglugerð um framkvæmdarleyfi. Mál nr. 17, lóðablað vegna stofnunar spildu úr landi Grafar samþykkt með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda. Mál nr. 18, lóðablað vegna stofnunar spildu úr landi Laxárhliðar samþykkt með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda og mál nr. 19 um deiliskipulag í Tungufellsdal þar sem samþykkt var að auglýsa gildistöku skipulagsins. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.10:15.